



Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis

9. mars 2010

Efni: Umsögn um frumvarp til laga (strandveiðar) 370. mál - þskj. 667

Landssamband smábátæigenda lýsir ánægju sinni með framkomið frumvarp um strandveiðar. LS telur strandveiðar á sl. sumri hafa gengið afar vel og haft jákvæð áhrif á hinar dreifðu byggðir. Með strandveiðum er verið að auka veiðiheimildir umhverfisvænna veiðarfæra og auka atvinnu til lands og sjávar yfir sumarið. Þá er það skoðun LS að strandveiðar hafi bætt ímynd Íslands varðandi stjórnun fiskveiða og stuðlað að meiri sátt meðal þjóðarinnar um fiskveiðistjórnunarkerfið.

Athugasemdir LS við frumvarpið

1. LS leggur áherslu á að hið nýja veiðikerfi, strandveiðar, sem bundið er við veiðar með handfærum verði óháð veiðum skipa með veiðileyfi í atvinnuskyni. Veiðiheimildir sem ætlaðar eru til strandveiða skerði því ekki aflahlut þeirra heldur verði viðbót við þann heildarafla sem ákveðinn er hverju sinni.

2.gr. falli brott.

Rökstuðningur

Hér er um afar lítið magn að ræða og ekki nokkur ástæða til að blanda því saman við leyfðan heildarafla.

2. LS þykir ekki rétt að binda strandveiðileyfi til enda fiskveiðiársins. LS fer fram á að við umsókn um strandveiðileyfi tiltaki viðkomandi þau samfelldu tímabil sem hann óskar að vera með leyfið.

hefur áhrif á 1. ml. 4. mgr.

Rökstuðningur

LS telur að með breytingunni verði létt á veiðunum og réttur þeirra sem nú hafa veiðileyfi í atvinnuskyni betur tryggður, þ.e. ef þeir kjósa að t.d. nýta frekar veiðiheimildir sínar í ágúst.

Í 2. ml. 4. mgr. 1. gr er kveðið á um að einungis verði heimilt að veita hverri útgerð, einstaklingi eða lögaðila, strandveiðileyfi fyrir eitt fiskiskip. LS leggur til að skilyrðið nái ekki til þeirra útgerða sem gera út viðkomandi báta í

atvinnuskyni enda hafi þær verið eigendur bátsins sl. 2 ár, eða frá 1. janúar 2008.

Að lokum vekur LS athygli á að gríðarlegar óánægju gætti með innkomu aðila í strandveiðar sem höfðu látið frá sér allar veiðiheimildir á undanförunum árum.

LS hvetur nefndina til að skoða þessi mál sérstaklega með tilliti til þeirrar sjónarmiða að þessir aðilar hafi tekið ákvörðun um að þiggja greiðslu fyrir að hætta útgerð og rýma þannig til fyrir öðrum við nýtingu auðlindarinnar.

Virðingarfyllt



Örn Pálsson framkvæmdastjóri